

Alþingi
Erindi nr. P 132/1808
komudagur 25.4.2006



HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tjarnargata 4, 101 Reykjavík
Sími 563 8300 • Fax 563 8350

Reykjavík 24. apríl 2006.

Allsherjarnefnd Alþingis,
b. t. Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík.

**Umsögn um frumvarp til laga um Happprætti Háskóla
Íslands, 748. mál.**

Happprætti Háskóla Íslands fékk einkaleyfi til að reka peningahappprætti með lögum frá árinu 1933. Með lögum nr. 127 frá 16. desember 2003 var einkaleyfið endurnýjað til ársins 2019. Happprætti H. Í. hefur frá upphafi greitt 20% af hagnaði i ríkissjóð fyrir einkaleyfið.

Stjórnendum Happprættis Háskóla Íslands hefur á stundum þótt allmjög að einkaleyfisréttinum vegið. Önnur happprætti hafa komið fram á sjónarsviðið þar sem vinningar eru geiddir með peningum. Löggjafinn hefur heimilað þá starfsemi og er hún því í samræmi við gildandi lög. Hins vegar finnst stjórnendum HHÍ mjög miður ef farið er á svig við lög. Það á sér stað þegar vöruhappprætti greiða út vinninga i peningum. Það gerist með þeim hætti, að vinningshafi er beðinn að framvísa reikningi fyrir vöru eða þjónustu, þegar hann vitjar vinnings. Upphæð reikningsins þarf að vera jafn há eða hærri en vinningurinn. Engu máli skiptir hvaða vara eða þjónusta var keypt. Síðan er vinningurinn greiddur út með peningum. Slíkir viðskiptahættir hafa staðið yfir í mörg ár, svo mörg að stjórnendur fyrirtækjanna trúu því eflaust að þeir fari fullkomlega að lögum i rekstri vöruhappprætta sinna.

Fátt er mikilvægara i hverju landi en að lög séu haldin og enginn vafi leiki á því hvað þau þýði. Stjórnendur Happprættis Háskóla Íslands vilja leggja sitt af mörkum til þess að enginn vafi leiki á að SÍBS og DAS

fari að lögum og fái því heimild til að greiða vinninga í peningum í flokkahappdrættum sínum eins og þau eru í núverandi mynd. Með því móti nær happdrættislöggjöfin yfir happdrættisstarfsemina eins og hún er í raun og veru. Á móti kemur að sett er hámark á leyfisgjald HHÍ og að Happdrætti Háskóla Íslands heldur þeim réttindum sem eftir lifa af einkaleyfinu til að reka peningahappdrætti.

Virðingarfyllst,

f. h. Happdrættis Háskóla Íslands,


Brynjólfur Sigurðsson, forstóri.